

## 21. Grein – Dagskrá skátapings

Lagt er til að eftirfarandi setningu sé bætt við 3. mgr. 21. greinar og að lögin taki strax gildi og gildi þannig um fundargerð Skátapings 2024.

### 21. GREIN – DAGSKRÁ SKÁTAPINGS

Stjórn BÍS gerir tillögu að dagskrá Skátapings og niðurröðun dagskrárliða. Í upphafi Skátapings skal borin upp tillaga stjórnar BÍS að dagskrá Skátapings. Einnig skal kosið í 3ja manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og 5 manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Aðeins þingfulltrúar þeirra félaga sem staðið hafa skil á gögnum og greiðslum skv. 10. grein hafa kjörgengi í nefndirnar. Ef ágreiningur er innan þingnefnda við ákvarðanatöku ræður meirihluti nefndarmanna og er ákvörðun þingnefnda endanleg. Á þinginu gilda almenn fundarsköp. **Að þingi loknu skulu fundarstjórar auk allsherjarnefndar yfirfara og undirrita fundargerð frá fundarriturum. Telst hún staðfest með undirritun a.m.k. 1 fundarstjóra og 3 meðlima allsherjarnefndar.** Eftirtaldir dagskrárliðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátapings
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta, kynnt, rædd og afgreidd
- Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt, rædd og afgreidd
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál
- Þingslit

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu koma fram á kosningaári:

- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar
- Kosning uppstillingarnefndar skv. 19. grein
- Kosning stjórnar skv. 23. grein
- Kosning löggilts endurskoðanda skv. 27. grein

Kosning þriggja manna skoðunarnefndar skv. 27. Grein

...

### Flutningsaðili:

Stjórn BÍS



## **Greinagerð:**

Í september 2023 hlaut Bandalag íslenskra skáta skráningu almannaheillafélags og þarf þannig að lúta [lögum nr. 110/2021](#) en í 5. mgr. 9. gr. um félagsfundir í IV. kafla þeirra laga segir.

*„Fundarstjóra á félagsfundir ber að sjá til þess að ákvarðanir fundar séu færðar til bókar. Fundarstjóri og minnst tveir fundarmanna, sem félagið eða fundurinn hefur til þess valið, skulu fara yfir og staðfesta fundargerð með undirritun sinni.“*

Með þessari viðbót er það fest í sessi hvernig BÍS uppfyllir þessi skilyrði fyrir Skátaping.

Talið er heppilegt að fela allsherjarnefnd þetta hlutverk. Hlutverk nefndarinnar er þegar að vinna úr og samræma álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Í nefndina er almennt tilnefnd og kjörin rökhyggið, samviskusamt og sanngjarnt fólk sem nýtur trausts innan skátahreyfingarinnar.

